

## Nýjar skíðalyftur á skíðasvæði Tindastóls

### Ákvörðun um matsskyldu

#### 1 INNGANGUR

Þann 15. desember 2017 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá skíðadeild Tindastóls um fyrirhugaðar skíðalyftur, skíðabrautir og aðra uppbyggingu á skíðastæði Tindastóls, sveitarfélaginu Skagafirði, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 12.01 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands Vestra, Minjastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

#### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Nýjar skíðalyftur á skíðasvæði Tindastóls, desember 2017.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Sveitarfélaginu Skagafirði með bréfi dags. 11. janúar 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands Vestra með tölvubréfi dags. 21. desember 2017.
- Minjastofnun með bréfi dags. 11. janúar 2018.
- Umhverfisstofnun með tölvubréfi dags. 19. janúar 2018.
- Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 11. janúar 2018.

Svar við umsögn Veðurstofu Íslands, ásamt staðbundnu hættumati fyrir nýja lyftu á skíðasvæðinu í Tindastóli dags. 24.3.2017, barst frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 16. janúar 2018.

Svar við umsögn Umhverfisstofnunar barst frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 19. janúar 2018.

#### 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Skíðadeild Tindastóls hefur tilkynnt framkvæmdir sem fela í sér að byggðar verði þrjár skíðalyftur og útbúnar þrjár skíðabrautir, auk annarrar uppbyggingar á skíðasvæði Tindastóls sem er bygging skíðaskála, dæluhúss, stækkun á áhaldahúsi og bílaplani og gerð söfnunarlóns. Fram kemur að skíðasvæðið í heild sinni sé 300 hektarar að stærð. Svokölluð Efri lyfta verði staðsett fyrir ofan núverandi skíðalyftu. Sunnar á svæðinu sé fyrirhuguð svokölluð Suðurlyfta og í vesturhlíð Ytridals skíðalyfta sem sé ætluð börnum og byrjendum.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrir á svæðinu séu ein 1150 m löng skíðalyfta og 4-5 km löng skíðabraut (SB-1), fyrir iðkendur á skíðum og snjóbrettum, og göngubraut sem sé ætluð fólki á gönguskíðum. Einnig séu fyrir á svæðinu skíðaskáli, áhaldahús, skúrar við lyftuna, söfnunarlón og snjóframleiðsluvélar, auk þess sem lýsing sé við lyftu og göngubraut. Fram kemur að tilgangur fyrirhugaðra framkvæmda sé að bæta aðstöðu á skíðasvæðinu með það að markmiði að þróa það áfram sem útivistar- og afþreyingarsvæði.

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að fyrir ofan núverandi skíðabraut sé gert ráð fyrir skíðabraut (SB-2), sem muni ná upp í um 900 m hæð yfir sjó. Skíðabrautin fylgi skíðalyftu



sem kölluð verði Efri lyfta, sem verði um 1000 m að lengd. Möstur lyftunnar verði 10 talsins og 6-9 m há. Útlit lyftunnar verði með svipuðu móti og núverandi lyftu. Á skíðasvæðinu sunnanverðu verði önnur skíðabraut (SB-3) sem muni fylgja fyrirhugaðri Suðurlyftu, sem verði um 1100 m að lengd og muni ná frá tæplega 500 m í um 800 m hæð yfir sjó. Í svari framkvæmdaraðila við fyrirspurn Skipulagsstofnunar kemur fram að ekki hafi verið tekin endanleg ákvörðun um útlit Suðurlyftu en gert sé ráð fyrir 12 -14 möstrum sem yrðu á bilinu 8 - 12 m há. Fyrirhugaðar skíðabrautir muni tengjast svo mögulegt verði að fara upp með Efri lyftu og renna niður braut SB-3. Fram kemur að gert sé ráð fyrir skíðabraut (SB-4) fyrir börn og byrjendur í vesturhlíð Ytridals og fyrir liggja tvær tillögur, annars vegar Nyrðri lyftu sem verði um 400 m löng og fari upp í um 500 m hæð og hins vegar Syðri lyftu sem verði um 400 m löng og fari upp í um 500 m hæð. Fram kemur að við hverja lyftu verði tvö einnar hæðar 16-20 m<sup>2</sup> stýrishús við sitthvorn enda. Þá sé gert ráð fyrir nýjum skíðaskála á tveimur hæðum sunnan bílastæðisins á um 1500 m<sup>2</sup> byggingarreit. Ennfremur sé gert ráð fyrir að stækka núverandi áhaldahús, einnig sé gert ráð fyrir neðra söfnunarlóni fyrir snjóframleiðslu og dæluhúsi. Gert sé ráð fyrir 350 bílastæðum auk 3 bílastæða fyrir hreyfihamlaða. Fram kemur að allt framkvæmdasvæðið sé á fjarsvæði vatnsverndar.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að gert sé ráð fyrir að móta og slétta skilgreindar skíðaleiðir eftir því sem þörf er á. Innan grannsvæðis vatnsverndar verði skíðabrautir mótaðar og sléttaðar að einhverju leyti en þó verði lögð áhersla á að halda öllu raski í lágmarki. Fram kemur að leggja þurfi um 4 m breiða vegslóða meðfram skíðalyftunum sem muni nýtast á meðan á framkvæmdum stendur sem og á rekstrartíma við að þjónusta lyftunnar. Vegslóðinn fyrir Efri lyftu verði tæplega 1200 m að lengd en um 1500 m við Suðurlyftu. Að framkvæmdum loknum verði vegslóðarnir græddir upp með sáningu og á rekstrartíma verði notuð létt tæki, s.s. fjórhjól. Fram kemur að vatnsveitulagnir og rafstrengur verði plægðir í jörð meðfram Efri lyftu.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að uppbygging á svæðinu muni fara fram í áföngum og að undirbúningur að byggingu Efri lyftu sé hafinn. Það sé mat framkvæmdaraðila að með mótvægisáðgerðum og ákveðnu verklagi muni fyrirhugaðar framkvæmdirnar ekki hafa umtalsverð áhrif á umhverfið.

## 4 UMHVERFISÁHRIF

### Vatnafar

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að hluti af skíðabraut SB-2 og efsti hluti Suðurlyftu og skíðabrautar SB-3 liggja innan grannsvæðis vatnsverndar. Hætta sé á neikvæðum áhrifum vegna mögulegrar olíumengunar m.a. vegna olíuleka frá vinnuvélum eða frá snjótroðurum, vélsleðum og stýrishúsi. Í tilfelli vélsleða og stýrishúsa sé um lítið olíumagn að ræða og áhættan því tiltölulega lítil. Fram kemur að unnið verði eftir ákveðnu verklagi við framkvæmdir og rekstur innan grannsvæðis vatnsbóla sem miði að því að lágmarka mengun ef olíuóhöpp verði. Fyrirhugað verlag felist m.a. í því að:

- Magn olíu inni á svæðinu verði takmarkað og á bílastæði verði útbúin aðstaða þar sem áfylling olíu fari fram. Ávallt verði til staðar lekabytta, ígleypi efni og skófla til að bregðast við mögulegum óhöppum.
- Verktaki og rekstraraðilar hafi daglegt eftirlit með olíuleka frá vinnuvélum og tækjum. Verði olíuleka vart verði hann strax stöðvaður og/eða tækið fjarlæggt. Mengaður snjór og jarðvegur verði strax fjarlægður.
- Öllu raski verði haldið í lágmarki og umferð ökutækja um svæðið stýrt og aðeins heimil starfsmönnum sem eigi þar erindi.
- Eftir atvikum og eðli mengunar skuli tilkynna óhöpp til Umhverfisstofnunar, Lögreglunnar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Vinnueftirlitsins og annarra sem gætu átt aðild að málinu.



Í umsögn sveitarfélagsins Skagafjarðar segir að miðað við framlögð gögn framkvæmdaraðila sé ekki talið að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa áhrif á vatnsverndarsvæði í Tindastóli verði farið eftir þeim mótvægisáðgerðum sem lýst er.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands kemur fram að það leggi áherslu á að sótt verði um starfsleyfi fyrir framkvæmdinni vegna meðferðar olíu og farartækja á svæðinu, einkum við uppsetningu á lyftunni. Fram kemur að skv. reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, III kafla 9. gr. um vatnsvernd fari heilbrigðisnefnd með skipulag og eftirlit með vatnsverndarsvæðum. Heilbrigðisnefnd muni meta eftir framkvæmdina hvort setja þurfi upp skilti þar sem vegfarendur verði upplýstir um að skíðasvæðið sé á vatnsverndarsvæði. Fram kemur að gott væri að fá upplýsingar um grunnvatnsrennsli á svæðinu.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji að ef framkvæmdin og rekstur verði eins og ráðgert sé ætti hættu á mengunaslysum að vera óveruleg. Hins vegar telji stofnunin að kanna eigi hvort koma ætti fyrir salernisaðstöðu við stjórnhús Suðurlýftu í ljósi þess að húsið verði innan grannsvæðis vatnsverndar.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að skíðadeild Tindastóls muni sækja um starfsleyfi fyrir framkvæmdinni. Upplýsingar um grunnvatnsrennsli á svæðinu liggi ekki fyrir. Eins kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir salernisaðstöðu við stýrishúsin, þau séu eingöngu ætluð fyrir raf- og stýribúnað lyftunnar og sem afdrepp fyrir starfsmann.

### **Landslag**

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að landslag svæðisins einkennist af fjalllendinu umhverfis Ytridal og mannvirkjum skíðadeildar Tindastóls. Framkvæmdir muni hafa í för með sér breytingar á landslagi með tilkomu fyrirhugaðra skíðalyfta og -brauta. Áhrifin séu líkleg til að verða óverulega neikvæð þar sem þau séu staðbundin og framkvæmdir muni ekki breyta einkennum svæðisins þar sem fyrir séu mannvirki skíðadeildarinnar.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að það sé mat stofnunarinnar að fyrirhugaðar framkvæmdir séu að mestu afturkræfar og séu viðbót við þau áhrif sem þegar séu fyrir hendi.

### **Gróðurfar**

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að hlíðarnar í botni Ytridals séu nokkuð vel grónar en eftir því sem ofar dragi verði gróðurhula lítil. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands séu melar og sandlendi, moslendi, skriður og klettur algengustu vistlendingin ofarlega á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Neðar í hlíðinni verði moslendi og mólendi algengust. Inn á milli megi finna graslendi, moldir og votlendi á afmörkuðu svæði. Þær vistgerðir sem séu ríkjandi á áhrifasvæðinu séu allnokkuð til mjög útbreiddar á landsvísu og hafi lágt eða miðlungs verndargildi. Inn á milli megi finna vistgerðir sem falli undir graslendi eða votlendi sem hafi hátt eða mjög hátt verndargildi, en þær finnast á mjög afmörkuðu svæði innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og séu allnokkuð útbreiddar á landsvísu. Á framkvæmdatíma megi gera ráð fyrir raski á gróðri við lagningu vegslóða og vinnu við skíðalyftur en áhersla verði lögð á að halda því í lágmarki. Röskuð svæði verði grædd upp eftir að framkvæmdum ljúki til að viðhalda gróðurþekju og koma í veg fyrir fok fínefna. Áburður verði ekki notaður innan grannsvæðis vatnsverndar. Á rekstrartíma megi gera ráð fyrir að gróður á skíðabrautum verði fyrir tímabundu raski vegna snjótroðslu. Ef í ljós komi að gróður komi illa undan vetri verði það svæði merkt og troðið framhjá því næsta vetur á eftir. Áhrif framkvæmda á gróðurfar séu metin óverulega neikvæð þar sem þau séu staðbundin, breyti ekki einkennum gróðurfars á svæðinu og séu að einhverju leyti afturkræf.



## Útivist

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að framkvæmdir vegna Efri lyftu og Suðurlyftu muni breyta ásýnd svæðisins að einhverju leyti. Vegslóðar sem lagðir verði meðfram skíðalyftunum muni auðvelda aðgengi um svæðið sem hægt sé að nota til útivistar allan ársins hring. Framkvæmdir séu líklegar til að hafa óveruleg neikvæð áhrif á útivist þar sem þær muni hvorki breyta einkennum svæðisins né rýra útivistargildi þess.

Í umsögn sveitarfélagsins Skagafjarðar kemur fram að sveitarfélagið telji framkvæmdina falla að markmiðum aðalskipulags um að búa til skilyrði til frekari uppbyggingar útivistar- og afþreyingar.

## Heilsa og öryggi

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að staðbundið ofanflóðahættumat hafi verið unnið fyrir Efri lyftu og hún standist viðmið reglugerðar nr. 636/2009 um hættumat vegna snjóflóða á skíðasvæðum að því gefnu að hún sé ekki barna- eða byrjendalyfta.

Í umsögn Veðurstofunnar segir að Suðurlyftan sé alveg í jaðri þess svæðis sem gert hafi verið hættumat fyrir og nýjar skíðaleiðir séu utan við það. Gera þurfi hættumat fyrir nýjar lyftur og leiðir áður en farið verði í framkvæmdir.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að hættumat verði gert fyrir Suðurlyftu og aðrar lyftur á svæðinu áður en framkvæmdir hefjist.

Sveitarfélagið Skagafjörður, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra, Minjastofnun, Umhverfisstofnun og Veðurstofa Íslands telja ekki að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

## 5 SKIPULAG OG LEYFI

Starfsemin er í samræmi við staðfest Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009 – 2021. Þar er skíðasvæðið skilgreint sem sérhæft útivistarsvæði. Fyrir liggur samþykkt deiliskipulag fyrir skíðasvæðið sem bíður gildistöku. Gildistaka þess er forsenda leyfisveitinga. Unnið er að lokaafgreiðslu deiliskipulagstillögunnar.

Framkvæmdin er bæði háð byggingarleyfi og framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins Skagafjarðar samkvæmt skipulagslögum, byggingarreglugerð og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra samkvæmt reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

## 6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða framkvæmdir við nýjar skíðalyftur á skíðasvæði Tindastóls, Sveitarfélaginu Skagafirði, sem fela í sér að byggðar verði þrjár skíðalyftur með möstrum og stýrishúsum og útbúnað þrjár skíðabrautir til viðbótar við núverandi lyftur og brautir. Auk þess er áætluð bygging stærri skíðaskála, dæluhúss, stækkun á áhaldahúsi og bílplani, gerð nýs söfnunarlóns fyrir snjóframleiðslu og mögulega stækkun núverandi lóns. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 12.01 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Við ákvörðun um hvort framkvæmd sem er tilkynningarskyld skuli háð umhverfismati skal Skipulagsstofnun taka mið af viðmiðum sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Þau varða eðli framkvæmdar, einkum m.t.t. stærðar, umfangs og mengunar af hennar völdum, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, m.t.t. verndarákvæða m.a. svæða sem njóta verndar í samræmi við



reglugerð um varnir gegn mengun vatns, sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig ber að líta til eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem stærðar og fjölbreytileika þeirra sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Gert er ráð fyrir nokkuð umfangsmikilli uppbyggingu á svæðinu en fyrir eru ýmis mannvirki tengd skíðaiðkun. Óhjákvæmlega munu fyrirhugaðar framkvæmdir hafa í för með sér staðbundið rask á gróðri en ekki er um gróðurtegundir eða vistgerðir að ræða sem njóta verndar eða hafa hátt verndargildi. Með þeim mótvægisáðgerðum sem kynntar eru í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila má draga úr raski sem fylgir uppbyggingunni. Skipulagsstofnun telur eðlilegt að uppgræðsla sé í samráði við Landgræðslu ríkisins. Fyrirhugaðar framkvæmdir verða að hluta innan grannsvæðis vatnsverndar. Framkvæmdaraðili áformar að vinna eftir ákveðnu verklagi við uppbygginguna og við rekstur innan grannsvæðisins sem miðar að því að lágmarka mengun ef olíuóhöpp verði og nota ekki áburð við uppgræðslu. Umhverfisstofnun telur að verði staðið að framkvæmdum og rekstri eins og ráðgert sé ætti hætta á mengunarslysum að vera óveruleg. Skipulagsstofnun leggur áherslu á, í samræmi við umsögn Veðurstofunnar, að gera þurfi hættumat fyrir Suðurlyftu og leiðir áður en farið verði í framkvæmdir.

Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli framkvæmdarinnar og staðsetningu hennar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

#### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhugaðar skíðalyftur, skíðabrautir og önnur uppbygging á skíðasvæði Tindastóls séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laganna um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 5. mars 2018.

Reykjavík, 30. janúar 2018

Jakob Gunnarsson

Matthildur B. Stefánsdóttir